

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 13 - 03.01. 2003

Föstudaginn 3. janúar, árið 2003 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 1615 í Áhaldahúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fjárhagsáætlun Vatnsveitu Skagafjarðar.
2. Fjárhagsáætlun hitaveitu Skagafjarðarveitna ehf. fyrri umræða.
3. Önnur mál

AFGREIÐSLUR:

1. Veitustjóri lagði fram fjárhagsáætlun Vatnsveitu Skagafjarðar fyrir árið 2003. Tekjur áætlast: 29.000.000.- Gjaldaliður: 20.600.000.- Handbært fé frá rekstri er 8.400.000.- og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 13.900.000.- Stjórn Skagafjarðarveitna ehf leggur til við byggðaráð að það samþykki fjárhagsáætlunina til seinni umræðu í Sveitarstjórn Skagafjarðar.

Veitustjóri lagði fram fjárhagsáætlun hitaveitu Skagafjarðarveitna ehf fyrir árið 2003 til kynningar.

2. Önnur mál.

a) Rædd voru kaup Skagafjarðarveitna ehf á Áhaldahúsinu hér við Borgarteig 11 ? 15.

Í lok ársins 2000 voru eignarhlutar veitnanna, 18 % vatnsveitu og 26 % hitaveitu ásamt 56 % eignarhlut sveitarsjóðs í húsinu seldir Húseignum Skagafjarðar.

Vegna breytinga á Húseignum Skagafjarðar er vilji fyrir að Skagafjarðarveitur ehf kaupi aftur allt Áhaldahúsið ásamt allri lóðinni og að salan miðist við síðustu áramót.

Stjórnin samþykkir að ganga til viðræðna við eiganda eignarinnar.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 1725

Ritari